

Alþingi
Erindi nr. P 130/2137
komudagur 26.4.2004

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

12. apríl 2004

Efni:

Umsögn um frumvarp til ábúðarlaga og jarðarlaga **782-3. mál.**

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dagsett 1. apríl s.l.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér framangreind frumvörp.

Í 1. gr. í frumvarpi til jarðlaga kemur fram að markmið laganna er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti.

Gróður- og jarðvegseyðing er alvarlegt vandamál hér á landi og víða um heim. Takmörkun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt gróðurs er því eitt mikilvægasta viðfangsefni Íslendinga í umhverfismálum. Sjálfbær landnýting er hagfeld leið til að koma í veg fyrir eða stöðva gróður- og jarðvegseyðingu.

Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 um sjálfbæra þróun (Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) er beitarstjórn m.t.t. nýtingarþols og jarðvegseyðingar, eitt af fjórum megin markmiðun varðandi sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.

Að mati stjórn Landverndar er nauðsynlegt að lög og reglugerðir verði samræmd og felld að þessum markmiðum stjórnvalda. Lög sem fjalla um réttindi og skyldur þeirra sem eiga og nytja land ættu því að hafa ákvæði sem tilgreini þá megin reglu að nýting gróðurs skuli vera sjálfbær og þeim sem eiga og nýta land beri skylda til að grípa til aðgerða þegar sýnt þykir að nýting leiði til eyðingar gróðurs og jarðvegs.

Því er lagt til að í II. Kafla frumvarpsins verð bætt við ákvæðum um sjálfbæra nýtingu gróðurs. Grein þessa mætti orða með eftirfarandi hætti:

Land sem nýtt er til beitar skal nytjað með sjálfbærum hætti þannig að ekki komi til eyðing gróðurs og jarðvegs af mannavöldum. Landeigenda ber skylda til að grípa til beitarstjórnunar eða friðunar ef úttekt viðkomandi stjórnvalds á ástandi gróðurs staðfestir að hætta sé á að óbreytt beitarálag leiði til gróður- og jarðvegseyðingar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri